

Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26. febrúar 2003
UST20030200073/hg

**Þingsályktunartillaga um atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum,
52.mál**

Vísað er til erindis sjávarútvegsnefndar dags. 5. febrúar varðandi þingsályktunartillögu um miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum, 52. mál.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að efla rannsóknir á því sviði sem þingsályktunartillagan tekur til enda hefur mikil uppbygging verið í þorskeldi á landsvísu undanfarin ár. Þorskeldi er hafið í stórum stíl í Eyjafirði, og á Austfjörðum auk Vestfjarða.

Staðarval:

Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið að margvísleg rök hnígi að því að staðsetning nefndrar miðstöðvar eigi vel heima á Vestfjörðum. Þar er þegar fyrir rannsóknarstarfsemi, sem stofnuninni er að góðu kunn. Vegna lágs hitastigs sjávar við Vestfirði hentar þorskur líklega betur þar til eldis en laxfiskar.

Umhverfisstofnun bendir á að víða í kringum landið eru staðbundnar hrygningarslóðir/uppeldisstöðvar þorsks, sem hafa þarf gætur á við skipulag og stofnun þorskeldisstöðva og á þetta ekki síst við á Vestfjörðum. Við val á stöðum til rannsókna á atferli og eldi þarf að taka tillit slíkra aðstæðna.


Nálægð miðstöðvar atferlis- og eldisrannsókna við gjöful fiskimið og uppeldisstöðvar þorsks er kostur, en gæta verður þess að hrygningarslóð og uppeldisstöðvar þorsks eru viðkvæmar, og þekking á þeim þætti í eldi er því mikilvæg. Það er líklegt að í framtíðinni munu menn í auknum mæli hverfa frá föngun þorskseiða og snúa sér að eldi frá sérstökum klakstöðvum í landi. Slíkar rannsóknir eru þegar í gangi á vegum Hafrannsóknarstofnunarinnar.


Áhersla á rannsóknir og umhverfisþætti:

Þær stofnanir sem nú eru hluti af Umhverfisstofnun hafa komið að fiskeldismálum bæði við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldisstöðvar með 200 t framleiðslugetu og stærri og sem umsagnaraðilar um fiskeldisstöðvar og starfsleyfi eftir atvikum. Vegna útgáfu starfsleyfa hefur verið farið fram á tilteknar umhverfis- og náttúrufarsupplýsingar, s.s. upplýsingar sem varða lífríki, straummælingar, hita- og seltustig, mat á snjóflóðahættu en einnig hafa verið gerðar kröfur um að ákveðið lágmarksdýpi sé á eldisstað. Ennfremur hafa verið gerðar kröfur um styrkleika kvía og merkingar fyrir sjófarendur.

Þorskur er ein mikilvægasta lifandi auðlind Íslendinga. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að samfara rannsóknum sem miða að því að auka skilning á afferlis- og eldisþáttum sé jafnframt lög áhersla á að rannsaka samspil ýmissa umhverfisþátta. Til dæmis þarf að rannsaka hvort og þá hvaða áhrif stórfellt kvíaeldi getur í framtíðinni haft t.d. á staðbundna hrygningarslóð þorsstofnsins eða hvort ástæða sé til að óttast einhverja sjúkdóma og dreifingu þeirra til villtra þorsstofna. Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að umhverfisþættir þar með sjúkdómatengdir þættir verði rannsakaðir gaumgæfilega.

Virðingarfyllst,


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður


Heiðrún Guðmundsdóttir
sérfræðingur